



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 1. júlí 2019

RMF19030006

3.1.0

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs þ. 24. júní sl. voru samþykktar nýjar verklagsreglur vegna úrbótasjóðs tónleikastaða sbr. 7. lið hjálagðrar fundargerðar 20. fundar menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs.

Eru þær hér með sendar borgarráði til staðfestingar

F.h. menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs

Inga María Leifsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Verklagsreglur vegna úrbótasjóðs tónleikastaða

Fundargerð 20. fundar menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs dags. 24. júní 2019

Verklagsreglur um úrbótasjóð tónleikastaða í Reykjavík

1. gr. Markmið. Hlutverk úrbótasjóðs er að styðja við tilvist minni og miðlungs stórra tónleikastaða í Reykjavík með því að veita styrki til úrbóta á tónleikastöðunum hvað varðar aðstöðu, aðbúnað og aðgengi. Þannig er stuðlað að áframhaldandi aðstöðu fyrir lifandi tónlistarflutning í borginni sem styður um leið við tónlistarlífið og eflir mannlífið. Fyrir hvert framlag úr sjóðnum er gert ráð fyrir að styrkhafar leggi til jafnháa upphæð til framkvæmda.

2. gr. Tímabil. Um tímabundið átaksverkefni til tveggja ára er að ræða sem skal endurskoðað að þeim tíma liðnum. Fyrst verður úthlutað úr sjóðnum árið 2020 og svo aftur árið 2021. Verkefnið er háð samþykki borgarráðs og með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni.

3. gr. Tekjur. Úrbótasjóður tónleikastaða heyrir undir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar og eru tekjur hans:

1. Árlegt framlag úr menningarpotti Reykjavíkurborgar að upphæð kr. 8 milljónir.
2. Aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

4. gr. Stjórn. Úrbótasjóðurinn heyrir undir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð sem skipar faghóp til tveggja ára sem fer yfir umsóknir. Ráðið tilnefnir einn fulltrúa sem er jafnframt formaður og aðrir aðilar að sjóðnum sem leggja sjóðnum til fé skipa sameiginlega tvo fulltrúa. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Gæta skal að kynjahlutfalli við skipan fulltrúa í faghópi. Faghópurinn leggur fram rökstuddar tillögur um úthlutun úr sjóðnum fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð sem endanlega ákveður úthlutunir.

5. gr. Styrkveiting. Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til smærri og miðlungsstórra tónleikastaða og menningarhúsa er sinna tónleikahaldi í Reykjavík vegna úrbóta er varða aðstöðu, aðgengi og aðbúnað. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð auglýsir eftir umsóknum og úthlutar úr sjóðnum einu sinni á ári. Styrkþegar skulu gera grein fyrir ráðstöfun styrkfjárins fyrir lok úthlutunarárs. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráði er heimilt að ákveða að tiltekin verkefni hafi forgang við úthlutun styrkja enda sé þess getið í auglýsingum. Skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum er að umsækjendur leggi fram áætlun um rekstur tónleikastaða a.m.k. tvö ár fram í tímann, skýri frá stefnu og áherslum er varða tónleikahald, geti sýnt fram á góða stjórnarhætti og trúverðugleika eigenda og stjórnenda og séu með samning við STEF vegna opinbers flutnings á tónlist. Einnig verður að fylgja með kostnaðaráætlun yfir fyrirhugaðar úrbætur ásamt upplýsingum um hvernig staðurinn hyggst fjármagna sinn hluta kostnaðarins.

6. gr. Umsóknir. Sækja skal um styrk úr úrbótasjóði á þar til gerðu eyðublaði inni á <https://reykjavik.is/styrkir> og senda á netfangið tonlistarborgin@reykjavik.is. Umsóknarfrestur er til 30. ágúst 2019.